

Alþingi
Erindi nr. P 135/2797
komudagur 16.5.2008



Menntamálanefnd Alþingis

Alþingi við Austurvöll

101 Reykjavík

HASKOLI ÍSLANDS

VIÐSKIPTA- OG
HAGFRÆÐIDEILD


Reykjavík 15. maí 2008

Virðulega menntamálanefnd Alþingis

Viðskipta- og hagfræðideild harmar að ekki skuli í frumvarpi til laga um opinbera háskóla gert ráð fyrir að einstakar deildir geti ákveðið að innheimta skólagjöld.

Deildin telur óásættanlegt að með þessu frumvarpi sé ekki skorið á þann hnút sem myndast hefur vegna deilna um innheimtu skólagjalda í opinberum háskólum. Núverandi staða er óþolandi fyrir margar deildir við opinbera háskóla. Þær standa frammi fyrir því að aðrir háskólar hafa ótakmarkaða heimild til innheimtu slíkra gjalda, þrátt fyrir að fá fjárveitingu, sem á að duga fyrir öllum kennslukostnaði, frá hinu opinbera til jafns við opinberu skólana. Vandí opinberu skólanna er jafnvel skýrari þegar kemur að fjármögnun endurmenntunar í kvöldskóla. Þar njóta aðrir skólar í sumum tilfellum ríkisstyrkja, sem opinberu skólarnir eiga ekki kost á. Núverandi ákvæði laga um fjármögnun opinberra háskóla eru því úrelt og ekki stætt á að taka þau óbreytt upp í ný lög.

Virðingarfyllst,



Ingjaldur Hannibalsson, forseti viðskipta- og hagfræðideildar